

L Ö G

um prófessorsembætti dr. Sigurðar Nordals.

32

12. febr.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þegar dr. Sigurður Nordal lætur af prófessorsembætti því, er nú gegnir hann í heimspekideild Háskóla Íslands, skal honum gerður kostur á að hafa áfram á hendi prófessorsembætti í deildinni í íslenskum fræðum með öllum þeim réttindum, er fylgja prófessorsembættum, en undanþeginn skal hann kennsluskyldu og ákvæðum laga um aldurshámark opinberra starfsmanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. febrúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Brynjólfur Bjarnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

33

12. febr.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 9. gr. laga nr. 30/1933 komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkissjóður greiðir sveitar-(bæjar-, sýslu-)félögum allt að tveim fimmtu kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústaði, sem reistir verða samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda fallist ráðherra á þörf þeirra framkvæmda og meti þær við hæfi.

Ef í hlut eiga sjúkrahús, er ráðherra viðurkennir sem fjórðungssjúkrahús, eitt á Vestfjörðum, annað á Norðurlandi og hið þriðja á Austurlandi, greiðir ríkissjóður allt að þrem fimmtu byggingarkostnaðar. Ef bæjar- eða sýslufélag það, sem fjórðungssjúkrahús er reist í, óskar þess, er ráðherra heimilt að gera það að skilyrði viðurkenningar sinnar, að öll þau sveitarfélög í grennd sjúkrahússins, er ætla má, að hafi þess samsvarandi not, takist á hendur eign og ábyrgð fyrirtækisins og gerist aðilar að rekstri þess samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Ríkissjóður greiðir fjórðungssjúkrahúsum árlega eftir á rekstrarstyrk, er nemi 100 krónum á sjúkrarúm, auk viðurkenndrar verðstuðulsuppbótar á hverjum tíma, og að auki allt að þeirri fjárhæð, er nemi þeim halla, sem sjúkrahús bíður af viðskiptum við innlenda sjúklinga, sem heimilisfastir eru utan þeirra sveitarfélaga, er

- 33** að sjúkrahúsinu standa, miðað við það, að daggjöld sjúkrahússins fyrir þá sjúklinga séu ekki lægri en daggjöld landsspítalans á sama tíma. Þessi hluti rekstrarstyrksins má þó aldrei ná þeirri fjárhæð, að sjúkrahús beri meira úr bótum fyrir vist utansveitarsjúklinga en nemi kostnaði í sambærilegu ríkissjúkrahúsi eða sjúkrahúsdeild.

Ráðherra er heimilt að greiða öðrum sjúkrahúsum (sveitar-(bæjar-, sýslu-) félaga en fjórðungssjúkrahúsum samsvarandi rekstrarstyrk vegna halla af viðskiptum við utansveitarsjúklinga, enda nemi þau viðskipti verulegum hluta af heildarviðskiptum sjúkrahússins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. febrúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

34

12. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 25. gr. laganna bætist nýr töluliður, er verði töluliður 2, og breytist liðatalan samkvæmt því:

2. Er að vísu voru teknir á aðalskrá, en síðan hefur orðið víst um, að framtöl þeirra til skatts voru að verulegu leyti ófullnægjandi eða aðrar upplýsingar um hagi þeirra.

2. gr.

Á eftir 27. gr. laganna komi 3 nýjar greinar, svo hljóðandi, er verði 28., 29. og 30. gr., og breytist greinatalan samkvæmt því:

28. gr.

Hreppsnefndum og bæjarstjórnnum er heimilt að ákveða aðra gjalddaga á útsvörum en í 27. gr. segir, eftir þessum reglum:

- a. Með fjórum jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. marz, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, má innheimta til greiðslu upp í útsvar yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, jafnháa allt að helmingi þess útsvars, sem honum bar að greiða næstliðið ár. Hreppsnefndir og bæjarstjórnir setja nánari reglur um þessar greiðslur fyrir 15. febr. ár hvert og auglýsa þær á þann hátt, er venjulegt er um almennar auglýsingar á hverjum stað.

Nú hafa tekjur gjaldanda á útsvarsárinu verið lægri en á næsta ári áður, svo að nemi 30% eða þar yfir, eða ástæður hans versnað með öðrum hætti svo mjög, að vænta megi þess, að mun lægra útsvar verði lagt á hann en árið áður, og getur hann þá krafizt lækkunar á útsvarsgreiðslum samkv. þessum staflið. Hreppsnefnd eða niðurbjörðunarnefnd ákveður lækkunina.